

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1999

Nr. 181

524

17. mars 1999

AUGLÝSING

**um breyting á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna
fyrir skólaárið 1998 - 1999, sbr. auglýsingu nr. 322/1998.**

Menntamálaráðherra hefur með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum og samþykktar stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 16. mars 1999 staðfest svohljóðandi breytingu á grein 3.1.1. úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 1998-1999, sbr. auglýsingu nr. 322/1998:

Grein 3.1.1. orðist svo:

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 1998 - 31. maí 1999 miðist við grunnframfærslu á Íslandi sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð hækkar frá og með mars 1999 úr 57.600 krónum í 60.500 krónur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 182

22. mars 1999

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 449, 16. júlí 1998,
um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1998/1999, sbr. reglugerð nr. 57/1999.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina, sbr. rg. nr. 57/1999 orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. gefst þeim fiskibátum, sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakörkunum, kostur á að stunda handfæraveiðar eingöngu í 23 sóknardaga á fiskveiðiárinu 1998/1999, án takmarkana á heildarafla á tímabilinu 1. apríl til 31. ágúst 1999. Um veiðar þessara báta, endurnýjun og breytingar á þeim gilda að öðru leyti almenn ákvæði reglugerðar þessarar um sóknardagabáta. Útgerðir þeirra fiskibáta sem velja að stunda veiðar í samræmi við ákvæði 1. mgr. skulu, fyrir 15. apríl 1999, tilkynna það til Fiskistofu. Tilkynning sem berst eftir þann tíma verður ekki tekin til greina. Hafi bátur nýtt sóknardaga á fiskveiðiárinu 1998/1999, fyrir 15. apríl 1999, koma þeir til frádráttar þeim sóknardögum sem honum er heimilt að nýta samkvæmt þessari grein.